

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 120 – 03.06.2009

Miðvikudaginn 3 júní, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita í Sæmundarhlíð
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Á fundinn komu íbúar í Sæmundarhlíð. Einar Gíslason fór yfir framkvæmdaráætlun Skagafjarðarveitna ehf frá 2007 til 2010 og ákvörðun veitnanna um frestun framkvæmda. Kristján Jónasson KPMG fór yfir kostnaðaútreikninga vegna hitaveitunnar í Sæmundarhlíð. Mogn óánægja kom fram hjá íbúum með þá ákvörðun stjórnar veitunnar að fresta framkvæmdum. Einnig þá útreikninga sem kynntir voru fyrir þeim í bréfi í 4. febrúar 2009. Sigmar Jóhannsson óskaði eftir því að stjórnin svari strax formlega bréfi hans frá 24. maí 2009
Íbúar Sæmundarhlíðar viku af fundi.
Stjórn Skagafjarðarveitna ehf fór yfir málið og telur að í ljósi hins mikla óvissuástands í efnaghagsmálum sé ekki grundvöllur fyrir framkvæmdum í Sæmundarhlíð að sinni. Ákvörðunin verður endurskoðuð ef aðstæður í þjóðfélaginu breytast til batnaðar.

2. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

